

Fundargerð

1. Fundargerð 785 lesin upp og samþykkt
2. Aðsent efni bréf frá ÍSÍ er varðar aðhald og aðgæslu í rekstri  
Bréf frá ÍSÍ fundaraboð formannafundar ÍSÍ
3. Heimssýning 2010, Ólafur skýrði frá því að hann hafði haft samband við bæði Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur og rætt möguleika á því að glíman yrði hugsanlega hluti af þeirra kynningu á heimssýningunni og var tekið vel í að hafa það í huga.
4. Glímumót helgarinnar.  
Undirbúningur gengur vel fyrir sig og þátttaka almennt góð.
5. Glímukynning í íþróttalýðháskólanum í Bosei og Gerlev  
Ólafur skýrði frá ferð Ólafs Odds Sigurðssonar, Valdimars Gunnarssonar og Davids Lundholm í íþróttalýðháskólana í Bosei og Gerlev og að samningar hefðu náðst við skólastjóran í Bosei Erling Joensen um að glíma verði kennd í eina viku á önn en þetta er skóli sem sérhæfir sig í bardaga og fangíþróttum.
6. Formannafundur 7. Nóv  
Allt klárt fyrir formannafundinn og vonast eftir góðri mætingu
7. Önnur mál  
Ólafur Ræddi um að fara að huga að því að endurnýja heimasíðu Glímusambandsins
8. Næsti fundur ákveðin og fundi slitið  
Næsti fundur 2.desember kl 18:00 á skrifstofu GLÍ og fundi slitið kl 19:00

Ólafur Oddur Sigurðsson